



Fundargerð

**39. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Miðvikudaginn 7. maí 2025, kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi KPMG, mætir á fundinn undir þessum dagskrárlið í gegnum fjarfundarkerfi Teams.

1. Ársreikningur Ásahrepps 2024, síðari umræða - 2505001

Lagður fram ársreikningur Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2024 ásamt sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrslu.

Helstu kennitölur samstæðureiknings eru eftirfarandi í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR:

Rekstrartekjur: 697.992
Rekstrargjöld: -507.879
Afskriftir: -23.113
Fjármagnsgjöld: 7.302
Rekstrarniðurstaða jákvæð: 174.302

EFNAHAGSREIKNINGUR

Fastafjármunir: 492.546
Veltufjármunir: 463.936
Eignir samtals: 956.482

Eigið fé: 786.128
Skuldbindingar: 7.211
Langtímaskuldir: 81.877
Skammtímaskuldir: 81.266
Eigið fé og skuldir samtals: 956.482
Handbært fé í árslok: 331.041

Veltufjárhlutfall: 5,71
Eiginfjárhlutfall: 82,2%
Skuldahlutfall: 24,4%
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður: 227.470

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi ársreikning og staðfestir hann með áritun sinni.


2. **Kæra Náttúrugriða vegna útgáfu tveggja framkvæmdaleyfa í sambandi við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar - 2504010**

Lögð fram drög að greinargerðum um kærur Náttúrugriða vegna útgáfu framkvæmdaleyfa vegna stækkunar Sigöldustöðvar og aðstöðusköpunar vegna framkvæmdanna, sem Lögmennt Suðurlands hafa unnið.


Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlögð drög að greinargerðum Lögmannna Suðurlands.


Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samstarfi við Lögmennt Suðurlands og Landsvirkjun.

Fundi slitið kl. 11:45.



Ísleifur Jónasson


Nanna Jónsdóttir


Þráinn Ingólfsson


Helga Björg Helgadóttir


Kristín Hreinsdóttir


Valtýr Valtýsson